

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/1302
komudagur 24.2.2003

Tillaga um breytingu á frumvarpi til laga um meðhöndlun úrgangs

Við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

“Frá gildistöku laga þessara til ársins 2010 skal starfa samráðsnefnd umhverfisráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga um framkvæmd laganna. Nefndin skal skipuð 6 mönnum, þremur samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga og þremur samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra. Nefndin skal fylgjast með þróun meðhöndlunar úrgangs hérlendis og á hinu evrópska efnahagssvæði. Sérstaklega skal nefndin fylgjast með hvernig markmiðum laganna er náð og meta þann kostnað sem hlýst af því. Nefndin skal skila árlegri skýrslu til umhverfisráðherra og Sambands íslenskra sveitarfélaga og setja fram eftir því sem þörf krefur tillögur um með hvaða hætti þeim kostnaði verði mætt.”